



Hlífðarbúnaður gegn smitandi efni

Hlífðarbúnað til varnar smitefni skal ávallt nota samhliða öðrum sýkingavarna- aðgerðum og vinnuaðferðum sem miða að því að rjúfa smitleiðir sýkla.

Hlífðarbúnaður er ætlaður til að verja einstaklinga gegn smitandi efni með því að rjúfa smitleiðir sýkla

- Hanskar notaðir til að verjast smiti við snertingu
- Hlífðargrímur; skurðstofugríma eða fínagnagríma til að verjast innöndun smitefnis sem berst með lofti (úði- og vessar frá öndunarfærum)
- Augnhlífir til að verjast slettum/íringu líkamsvessa
- Hlífðarsloppar til að hlífa starfsklæðnaði og húð við snertingu við smitefni

Þeir sem nota hlífðarbúnað í sýkingavarnatilgangi þurfa að fá þjálfun í notkun hans og fylgjast þarf með að búnaðurinn sé rétt notaður.

Skynsamleg notkun hlífðarbúnaðar

- Val á hlífðarbúnaði sem notaður er hverju sinni miðast við smitefni og smitleiðina sem þarf að rjúfa. Skilgreina þarf áhættuna í hverju tilviki og meta hvaða búnaður er nauðsynlegur.
- Forðast ber að endurnota hlífðarbúnað sem framleiddur er sem einnota. Ekki er vitað hvort slík endurnotkun einnota búnaðar veiti sömu vörn og áður eða geti hugsanlega aukið sýkingarhættu.
- Ef birgðir eru takmarkaðar og einnota hlífðarbúnaður er ekki fyrir hendi ber að nota margnota búnað (t.d. bómullarsloppa sem hægt er að þvo og sótthreinsa með hita) og sótthreinsa eftir hverja notkun.
- Forðast ber sóun og metið með gagnrýnum huga hvaða búnaðar er þörf í hverju tilfalli. Nýta búnaðinn vel.

Hlífðargrímur til varna gegn innöndun smitefnis

- Hlífðargrímur eru af ýmsum gerðum t.d. „skurðstofugrímur“, „fínagnasíur“, heilgrímur með ferskloftsútbúnaði o.s.frv. Í sambandi við grímur er notaður öryggisstuðull / verndarstuðull sem segir til um hversu mikið gríman dregur úr mengun. Velja verður grímu með öryggisstuðul miðað við mengunarmörk og mengunina og aðstæður í hverju tilviki.
- Hlífðargrímur/síur sem einungis eru gegn ögnum flokkast eftir hversu mikið af ögnum þær geta síað úr andrúmslofti í FFP 1 (öryggisstuðull 4), FFP 2 (öryggisstuðull 10) og FFP 3 (öryggisstuðull 20) þar sem FFP 3 veitir bestu vörnina.
- Mikilvægt er að fínagnagrímur (FFP 2 og FFP 3) falli vel að andliti notanda og séu alveg þéttar. Ef gríman blotnar eða óhreinast af vessum þarf að skipat strax um grímu. Henda notaðri grímu strax í rusl og spritta eða þvo hendur í kjölfarið.

- Til að tryggja rétta notkun fínagnagríma er þjálfun starfsmanna nauðsynleg.
- Kenna og þjálfa:
 - hvernig á að setja á sig fínagnagrímu
 - hvernig á að kanna hversu þétt gríman fellur að andlitinu (þrýstingspróf)
 - hvernig á að komast hjá að menga grímuna við notkun
 - hvernig á að taka af sér grímuna
 - hvernig á að henda notaðri grímu
- Ef sjúklingum með sama smitandi öndunarferasjúkdóminn er safnað saman í hópeinangrun eða eru á nokkrum samliggjandi stofum á sjúkradeild getur starfsmaðurinn verið með sömu fínagnagrímuna á meðan á vinnulotu stendur. Við slíka notkun fínagnagrímu má starfsmaðurinn ekki taka af sér grímuna á meðan á vinnulotunni stendur og hann má ekki snerta hana. Ef gríman blotnar eða mengast t.d. við snertingu þarf strax að skipta um grímu.

Augnhlífur

- Augnhlífur eru til að verja slímhúð augna gegn slettum/íringu líkamsvessa og eru þannig hluti af grundvallarsmitgát sem ávllt skal viðhafa ef líklegt er talið að líkamsvessamengun geti orðið. Augnhlífur flokkast sem staðaútbúnaður starfsfólks við slysa- og skurðaðgerðir.
- Augnhlífur geta verið hluti hlífðarbúnaðar við umönnun í heilbrigðisstofnun ef smitefni sjúklings hefur sækni í slímhúð augna.
- Augnhlífur geta verið einnota eða margnota. Margnota augnhlífur skulu þrifnar og sótthreinsaðar eftir hverja notkun. Handhreinsun er nauðsynleg eftir að notuð augnhlíf er snert (tekin niður eftir notkun og eftir hreinsun).
- Venjuleg gleraugu eru ekki hönnuð til að vernda slímhúð í augum gegn íringu og slettum og geta því ekki komið í stað augnhlífa.

Hanskar

- Hanskar eru notaðir við grundvallarvarúð gegn sýkingum þ.e. þegar snerta þarf blóð, líkamsvessa, slímhúðir eða rofna húð.
- Hanskar geta verið hluti hlífðarbúnaðar þ.s. einangrun gegn snertismiti fer fram.
- Skipta þarf um hanska þegar farið er á milli verkefna sem geta mengað hanskana, við umönnun sama einstaklings.
- Fara strax úr hönskum eftir notkun, áður en snert er á hreinu yfirborði og áður en næsta sjúklingi er sinnt.
- Hreinsið hendur með spritti eða handþvotti strax eftir að farið er úr hönskum.

Hlífðarsloppar

- Hlífðarsloppar eru notaðir til að verja fatnað gegn mengun, skvettum og íringu af blóði og líkamsvessum.
- Hlífðarsloppar geta verið hluti hlífðarbúnaðar þ.s. einangrun gegn snertismiti fer fram.

- Velja þarf hlífðarslopp m.t.t. hversu mikilli vætu þarf að verjast. Ef mikil bleyta er fyrir séð eða verið er að verjast miklu magni smitefnis og sloppurinn er ekki vatnsheldur þarf að hafa vatnshelda svuntu utan yfir sloppnum.
- Fara strax úr hlífðarsloppi um leið og verki lýkur, henda í rusl eða setjið í poka fyrir óhreint lín. Hreinsið hendur á eftir.

Að fara í og úr hlífðarbúnaði

Val á hlífðarbúnaði sem notaður er hverju sinni miðast við smitefni og smitleiðina sem þarf að rjúfa

- Skilgreindu áhættuna og hvaða búnaður er nauðsynlegur.
- Finndu til allan búnað sem þú telur þörf fyrir.
- Þrífðu hendur með handspritti eða með handþvotti með vatni og sápu.
- Farðu í og úr hlífðarbúnaðinum í réttri röð til að tryggja að búnaðurinn verji þig gegn smitefninu á meðan þú ert í honum og til að draga úr líkum á að smitefni utan af búnaðinum berist á þig þegar þú ferð úr honum.

Að fara í hlífðarbúnað


Rétt röð þegar farið er í hlífðarbúnað (þegar þarf að nota það sem hér er talið): 1. Handhreinsun; 2. Sloppur; 3. Hlífðargríma/fínagnasía; 4. Hlífðargleraugu; 5. Hanskar



Finndu til allt sem þú þarft að nota




Sprittaðu hendurnar




Farðu í slopp



Settu upp fínagnagrímu; prófaðu með þrýstingi hvort gríman situr þétt á andlitinu



Settu upp hlífðargleraugu



Farðu í hanska (láttu þá ná upp fyrir stroffið á sloppermunum)

Að fara úr hlífðarbúnaði

- Farðu úr hlífðarbúnaðinum á svæði þ.s. ekki er hætt á að umhverfið mengist né neinn annar einstaklingur fái á sig smitefni sem er utan á búnaðinum. Á sjúkrahúsi ætti að fara úr hlífðarbúnaði í forherbergi við sjúkrastofu eða á afmörkuðu svæði á sjúkragangi.
- Farðu úr búnaðinum í þeirri röð sem varnar því að þú dreifir smitefni á sjálfan þig. Meginreglan er:
 - Fara fyrst úr því sem er mest mengað
 - Hreinsa þarf hendur með handspritti strax eftir að farið er úr hönskum
 - Síðast er fínagnagríma tekin niður með því að taka í böndin aftan á hnakka og hverfa þeim fram og setja grímuna beint í ruslafötu
 - Einnota dóti hent strax í ruslafötu að notkun lokinni
 - Margnota búnaður settur í þurrt lokað ílát (án hreiniefnis)
 - Fara fyrst úr hönskum (ef sloppurinn er einnota er hægt að fara úr sloppi og hönskum samhliða og henda hvoru tveggja saman) og þrífa hendur með handspritti eða handþvotti með vatni og sápu. Fara úr sloppi; taka niður augnhlíf; taka niður fínagnagrímu; þrífa hendur með spritti eða handþvotti með vatni og sápu.


- Gættu að því að menga ekki sjálfan þig, umhverfið né aðra

- Farðu fyrst úr því sem er mest mengað




Farðu úr sloppum og hönskum samhliða:


-hverfðu af þér sloppnum og hönskunum þannig að rangan snúi út, - settu hanska og slopp strax í ruslafötu




Þrífðu hendurnar með spritti eða handþvotti



- Taktu niður hlífðarhúfu (ef voru notuð)
- Taktu niður hlífðargleraugu aftan frá
- Ef hlífðargleraugu eru margnota eru þau sett í sérstakt ílát, til að koma þeim í þrif



- Taktu fínagnagrimuna niður með því að hverfa böndunum aftanfrá og fram á við



- Þrífðu hendurnar með handspritti eða handþvotti